

# Bústaðir framlíðinna.

Það, sem jeg óska mjer un-  
fram alt annað, er, að mata  
nagilegri greind.

16.11.28 I.

Fátt, sem jeg hefi lesið í ritum  
spíritista, þykir mjer eins merki-  
legt og kafli í bókinni *The Life  
Elysian* (Lífið í Paradís), eftir R.  
J. Lees. Jeg hefi í Nýal, s. 84,  
ritað um aðra bók eftir þenna höf-  
und, en í kaflanum, sem jeg gat  
um, er sagt frá samtali tveggja  
anda, sem einnig koma fram í  
þeirri bók. Afraar og Myhanene  
heita þeir, og er Afraar yngri, og  
er að fræðast af hinum, en segir  
Lees, frá samtalinu (*Life Elysian*,  
s. 185). Í samtali þessu er undar-  
lega klaufalega að orði komist,  
sumstaðar, en það stafar af því, að  
sá sem ritar, Lees, hefir alls ekki  
skilið, um hvað er verið að tala.  
En einmitt af því, að það má  
glögglega skilja, að samtali þetta  
er ekki tilbúningur höfundarins,  
er það svo afarmerkilegt og vel  
lagað til að sánnfara. Hinn stór-  
kostlegi sannleikur brýst þar í  
gegn með svo miklum krafti, að  
hver gáfaður maður, sem á annað  
borð gerir nokkra tilraun til að  
skilja þetta mál, hlýtur að sann-  
farast. Það er mikilsvert að efast,  
þar sem það á við, en ef menn ef-  
ast, þar sem það á ekki við, og  
nóg efni er fyrir til að draga af  
öruggar ályktir, þá komast þeir  
ekkert áfram.

## II.

Þetta er þá samtalið, eða merki-  
legasti kaflinn úr því.

Afraar: Er þá sá grunur minn  
rjettur, að í samgangi þessa lífs  
(þ. e. lífsins eftir dauðann) megi  
fara frá einni stjörnu til annar-  
ar?

Myhanene: Það er eigi einungis  
að þetta geti átt sjer stað, heldur  
er það alveg nauðsynlegt. ....  
Þegar jeg fer hjeðan heim, þá fer  
jeg slíka för (þ. e. frá einni  
stjörnu til annarar). ....

Afraar: Er slíkur brúarlaus  
geimur, ef jeg mætti nefna það  
svo, milli þessa staðar, sem við  
erum á nú, og jarðarinnar?

Myhanene: Kallaðu það slíkan  
geim, sem er á milli stjarnanna.  
(Call it an interstellar barrier).  
Já, þú ferð í gegnum slíkan geim,  
þegar þú snýrð aftur til jarðar-  
innar.

Þá kemur Afraar með þessa  
spurningu, sem er svo afar eftir-  
tektarverð, af því að hún sýnir,  
að hann veit ekki að hann hefir,  
þegar hann dó, liðið fram til ann-  
arar stjörnu.: Vegna hvers hefi  
jeg ekki tekið eftir þessu?

Og svar Myhanene er ekki sið-  
ur eftirtektarvert: Það er vegna  
þess, segir hann, að það er of  
bratt farið til að slíkt verði at-  
hugað. Förin er farin með hraða  
hugsunarinnar.

### III.

Þegar jeg hafði lesið samtali þetta, hugsaði jeg mjer heldur en ekki til hreyfings. Að fá menn til að skilja, að framhald lífsins er á öðrum stjörnum, er eitt af mínum allræmstu áhugamálum. Þegar það tekst, þá ljettir af mjer þrautum, sem eru að komast nær og nær því að verða óþarfilegar; og þó gengur mjer ekki tóm eiginirni til, því að það má glögglega skilja, að þekking á þessu mun á skömmum tíma gjörbreyta högum mannkynsins. Og í þessu samtali var nú svo greinilega sagt, að ekki virðist unt að misskilja, að Afraar eigi heima á stjörnu, sem ekki er vor jörð, og Myhanene á enn annari stjörnu. Það virtist því hljóta að vera auðvelt að sannfæra höfund þessarar bókar um, að andaheimurinn er ekki á einhverjum óskiljanlegum og efnisvana sviðum úti í geinum, heldur á öðrum stjörnum. Hinn frægi höfundur svaraði brjefum mínum vingjarnlega og rækilega. En í því sem hann skrifaði mjer kom mjög greinilega fram, að hann hafði sjálfur aldrei veitt því eftirtekt, hvað það er, sem sagt er í samtali þessu, og að það hafði ekkert haggð sannfæringu hans um, að framhald lífsins sje á þessum óskiljanlegu andasvið-

um, sem náttúrufræðingi gremst svo að nokkur skuli trúa á. Þóttist jeg jafnvel sjá fram á, að jeg mundi eiga á hættu að særa tilfinningar þessa góða og merka öldungs, ef jeg fylgdi þessu máli nokkuð fast fram; og jeg hefi oftast orðið var við slíkt. Það er nærri því eins og sumum sje sú hugsun ógeðfeld, að þessu máli verði komið út úr allri þoku og inn í ljós náttúrufræðinnar, enda hefir verið kent, að það mundi aldrei geta orðið. En þó er það nú einmitt þetta, sem orðið er, og mönnum ríður afarmikið á að skilja, að hjer er satt sagt. Það er svo að sjá, sem flestir framliðnir átti sig alls ekki á því, að þeir eru komnir fram á annari jörð, og af framangreindu samtali má glögglega skilja, að andinn<sup>e</sup> Afraar hefir t. a. m. ekki vitað þetta. Hlýtur sú vanþekking að hafa ýmislegt ilt í för með sjer, og valda erfíðleikum á sambandi, bæði við hina betri staði, þar sem hjálparinnar er að leita til að komast á þroskabrant, og eins við vora jörð.

Frh.

Helgi Pjeturss.